

Samkeppnishæfni íslenska skattkerfisins

Samkeppnishæfni íslenska skattkerfisins er einn af helstu áhrifapáttum hagvaxtar og framfara í landinu. Íslendingar geta ekki hugsað um skattkerfi sitt og skattamál sem einangrað fyrirbæri fremur en aðrar þjóðir sem við berum okkur saman við. Á tímum alþjóðavæðingar og stóraukinna samskipta fyrirtækja og einstaklinga yfir landamæri hafa skattar og skattkerfi mikil og víðtæk áhrif á efnahagslegar ákvarðanir langt út yfir skattalögsögu hvers ríkis. Við þurfum að velta því fyrir okkur hvort skattkerfi okkar sé hvetjandi eða letjandi miðað við skattkerfi annarra þjóða sem setja okkur ákveðna umgjörð eða skorður í skipan skattamála. Við þurfum líka að huga að því hvort skattkerfi okkar aflar þeirra tekna fyrir ríki og sveitarfélög sem við teljum þörf á að nota í opinber útgjöld og hvort einstakir skattar séu þannig uppbyggðir að þeir skili viðunandi skatttekjum í ríkissjóð eða til sveitarfélaga.

Á undanförnum einum og hálfra áratug hefur tekjuskattshlutfall fyrirtækja lækkað jafnt og þétt í flestum þeim ríkjum sem við berum okkur saman við. Lækkunin er veruleg, eða úr 38% að meðaltali í 27%, samkvæmt samantekt KPMG á hlutföllunum í 86 löndum. (*Mynd 1. Meðaltal ... í heiminum*). Að baki þessarar þróunar liggur samkeppni þjóðanna um fjárfestingar, skatttekjur og störf.

Þessi þróun hefur átt sér stað í öllum helstu efnahagsheildum og svæðum heimsins. Þetta kemur skýrt fram í þróun meðaltekjuskattshlutfallsins í Evrópusambandinu sem lækkaði verulega við inngöngu 10 nýrra ríkja frá Austur Evrópu, en það hefur lækkað um 12 prósentur frá 1993 og er nú lægra en á öðrum þróuðum efnahagssvæðum. (*Mynd 2. Meðaltal .. eftir svæðum*).

Á þessum fundi langar mig til þess að fjalla um nokkur atriði í uppbyggingu íslenska skattkerfisins sem hafa verið til umfjöllunar á undanförunum mánuðum og misserum og horfa fram í tímann vegna þeirra viðfangsefna sem ég sé framundan. Fyrst vil ég víkja að þeirri umræðu sem orðið hefur um tekjuskatt fyrirtækja og fjármagnstekjuskatt annars vegar og tekjuskatt og útsvar einstaklinga hins vegar.

(*Mynd 3. Tekjuskattshlutfall fyrirtækja*). Tekjuskattur fyrirtækja er nú 18%. Þegar skatturinn lækkaði í þetta hlutfall árið 2002 var það með því lægsta sem þekktist í löndunum í kringum okkur og er nú ennþá í lægri kantinum en hefur alls ekki sömu sérstöðu og áður. Þá var nánast ekkert ríki með lægra hlutfall en 20% en nú eru flest nýju ríki ESB með 10-20% skattshlutfall. Lækkunin hér á landi hefur, ásamt öðrum breytingum, haft í för með sér gjörbreytingu til batnaðar á starfsskilyrðum íslenskra fyrirtækja og enn fremur tekist afar vel frá sjónarhóli ríkissjóðs. (*Mynd 4. Tekjur ríkissjóðs ..*). Á árinu 2001, þegar skattshlutfallið var ennþá 30%, voru tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja aðeins 9,6 milljarðar króna sem nam 4,5% af skatttekjum ríkisins og 1,2% af vergri landsframleiðslu. Á síðasta ári voru tekjur ríkissjóðs af skattinum 34,7 milljarðar króna sem nam 11,3% af skatttekjum ríkisins og 3,1% af vergri landsframleiðslu. Tekjur af tekjuskatti fyrirtækja eru því orðinn mun veigameiri þáttur í tekjuöflun ríkisins en áður og fyrirtækin orðin öflugari skattgreiðendur. (*Mynd 5. Aukið vægi ..*).

Skattlagningu fjármagnstekna var gjörbylt á árinu 1997 þegar 10% fjármagnstekjuskattur var tekinn upp (*Mynd 6. Fjármagnstekjuskattur*). Áður voru fjármagnstekjur ýmist skattfrjálsar eða skattlagðar í hæsta skattþrepi tekjuskatts einstaklinga. Miklar umræður urðu um allt samfélagið áður en fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp en eftir á að hyggja má fullyrða að skatturinn hafi skilað árangri framfarum flestum vonum sem við hann voru bundnar og lykilákvarðanir sem teknar voru við upptöku skattsins hafa reynst réttar í ljósi sögunnar. Meginákvarðanirnar fólust í því að hafa lágan flatan brúttóskatt á sem allra breiðastan skattstofn. Þannig urðu verðbólguæddir Íslendingar að venjast þeirri hugsun að skattur yrði lagður á verðbólguhagnað jafnt sem raunhagnað, að vaxtagjöld einstaklinga yrðu ekki frádráttabær, að engin skattleysismörk yrðu sett og að skatturinn yrði ekki stighækkandi. Ennfremur var tekin sú lykilákvörðun að skatturinn yrði hlutlaus gagnvart skipulagi atvinnulífsins í þeim skilningi að arður er skattfrjáls milli fyrirtækja en skattlagður þegar tekjur eru teknar út úr atvinnulífinu í formi arðs eða söluhagnaðar.

Fyrir upptöku fjármagnstekjuskattsins voru tekjur ríkisins af fjármagnstekjum óverulegar, enda vaxtatekjur skattfrjálsar og skattlagning söluhagnaðar og arðs með þeim hætti að lítil viðskipti áttu sér stað. (*Mynd 7. Aukið vægi ...*). Á síðasta ári skilaði fjármagnstekjuskatturinn 6,0% af skatttekjum ríkisins og 1,6% af vergri landsframleiðslu. Saman hafa 18% tekjuskattur fyrirtækja og 10% fjármagnstekjuskattur verið mjög veigamiklar stoðir í þeim starfsskilyrðum sem hafa gefið íslensku atvinnulífi færi á að skapa hinn mikla hagvöxt sem hefur verið hér á landi síðustu ár.

Nú bregður svo við að árviss umræðubylgja gengur yfir landið þar sem meint ójafnræði milli skattlagningar á aðrar tekjur einstaklinga samanborið við tekjur af atvinnurekstri er í forgrunni og allt gert til þess að espa upp öfund og óánægju með meint misrétti í tekjuskiptingu og margvíslegt óréttlæti sem í skattkerfinu er talið felast. Þá er gjarnan sagt að menn geti sloppið við eðlilegar skattgreiðslur með því að taka fé út úr atvinnulífinu sem hagnað og arð í staðinn fyrir að reikna sér eðlileg laun. Að flestu leyti er þessi umræða í besta falli villandi en í öllu falli alls ekki til þess fallin að bæta stöðu þeirra sem telja til dæmis að skattlagning launatekna sé of mikil.

Staðreyndin er sú að munurinn á því að skattleggja tekjur sem hagnað og arð annars vegar og launatekjur hins vegar er ekki svo mikill þegar upp er staðið. Raunveruleg skattprósenta þegar 18% og 10% skatturinn er lagður saman er 26,2%. En þá á eftir að taka tillit til þess að fjármagnstekjuskattur og tekjuskattur fyrirtækja leggjast ekki aðeins á raunhagnað heldur líka á verðbólguhagnað sem gerir raunverulega skattprósentu hærra en sýnist og þeim mun hærra sem verðbólgan er meiri. Ennfremur þarf að taka tillit til þess að tekjuskattur á launatekjur er ekki flatur skattur heldur eru skattleysismörkin allhá, nú yfir 90 þúsund á mánuði, og auk þess koma barnabætur og vaxtabætur inn í myndina. Þess vegna er meðalskatturinn allt frá því að vera frá núlli í það að nálgast sjálft skattlutfallið við mjög háar tekjur. Sé litið til þess hve miklum tekjum tekjuskattur og útsvar einstaklinga skilar í hlutfalli við skattstofninn, þá er sú tala 23,4% miðað við síðasta ár.

Annað meginatriði er síðan eftirfarandi: Upptaka fjármagnstekjuskattsins í núverandi mynd og lækkun tekjuskatts fyrirtækja hafa aukið tekjur ríkissjóðs sem svarar til 3,5% af vergri landsframleiðslu. Þetta hefur skapað svigrúm til lækkunar og jafnvel niðurfellingar annarra skatta, þar með talið tekjuskatts einstaklinga, eignarskatts, virðisaukaskatts og vörugjalds. Áframhaldandi skynsamleg þróun í tekjuskatti fyrirtækja mun enn geta aukið tekjur af þessum skatti og skapað grundvöll fyrir frekari

skattalækkunum á einstaklinga. Sama gildir ef fjármagnstekjuskatturinn fær að vera í friði. Nú spyr ég: Telja menn almennt betra að hafa hærri fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt fyrirtækja sem þýðir minni tekjur í ríkissjóð og þörf fyrir hærri tekjuskatt einstaklinga og hækkun annarra skatta sem leggjast á heimilin í landinu? Eða vilja menn hafa hóflegan fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt á fyrirtæki sem skila sífellt meiri tekjum í ríkissjóð og skapar grundvöll fyrir lækkandi álögum á heimilin í landinu? Fyrir mér er svarið einfalt. Það á ekki að leika sér með fjármagnstekjuskattinn eða tekjuskatt fyrirtækja. Það á að nota þessa skatta til tekjuöflunar en ekki til tekjujöfnunar. Þannig skila þessir skattar miklu meira til samfélagsins og lækkandi sköttum fyrir heimilin í landinu. Með tekjuöflunina sem markmið er verið að leggja áherslu á uppbyggingu atvinnulífsins og fjármagns í landinu og þar með bætt lífskjör og stærri skattstofna. Hækkun fjármagnstekjuskatts og tekjuskatts fyrirtækja mun aðeins leiða til hækkunar annarra skatta, og tekjuskatts einstaklinga sérstaklega. Það er hörmulegt réttlæti sem felst í því að allir skattar séu góðir bara ef þeir eru jafn háir.

Næst vil ég víkja að máli sem hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanfögnu en það er sú þróun að íslensk fyrirtæki stofna eignarhaldsfélög í Hollandi til þess að ná fram hagstæðara skattaumhverfi. (*Mynd 8. Skattlagning söluhagnaðar*). Ástæðan fyrir því að fyrirtækin gera þetta er sú að söluhagnaður af hlutabréfum skapar skattskyldu hjá íslenskum fyrirtækjum en ekki hjá hollenskum eignarhaldsfélögum. Þótt íslensk félög geti frestað skattgreiðslum af söluhagnaði hlutabréfa svo lengi sem fjárfest er í öðrum félögum þá myndast smám saman skattskuldbinding sem dregst frá eigin fé félaganna. Með því að stofna hollenskt eignarhaldsfélag er hægt að mynda söluhagnaðinn þar og flytja hann eftir atvikum til Íslands sem arð sem ekki er greiddur skattur af. Til þess að laga þetta þarf að gera söluhagnað íslenskra fyrirtækja af hlutabréfum skattfrjálsan eins og arðinn. Slík breyting er í raun í takt við hugsunina í skattlagningu tekna af eignarhlutum í fyrirtækjum og skattlagningu atvinnulífsins í heild. Þegar fjármagnstekjuskatturinn var tekinn upp á sínum tíma var það grundvallarsjónarmið að skatturinn ætti ekki að hafa áhrif á skipulag atvinnulífsins, þ.e. hvort menn vildu reka móðurfélag og dótturfélög, hlutdeildarfélög, eignarhaldsfélög eða hvaða annað fyrirkomulag sem menn telja hagstætt frá rekstrarlegum sjónarmiðum. Með öðrum orðum var litið á atvinnulífið sem eina heild og skatturinn var hafður hlutlaus gagnvart skipulagi einstakra fyrirtækja og fyrirtækjasamstæða. Meginmálið var að leggja skattinn á tekjur af hlutabréfaeign þegar peningarnir væru teknir út úr atvinnulífinu sem arður eða söluhagnaður.

Skattskylda söluhagnaðar milli fyrirtækja gengur gegn þessu grundvallarsjónarmiði og ástæðan fyrir því að þetta kom ekki inn við upptöku fjármagnstekjuskattsins var sú að þá hafði þessum ákvæðum tiltölulega nýlega verið breytt þannig að skattfrestun var leyfð. Áður hafði söluhagnaður komið strax til skattlagningar og það hafði leitt til þess að fyrirtæki áttu helst ekki viðskipti með hlutabréf og þetta gerði alla uppbyggingu atvinnulífsins mun ósveigjanlegri. Frestun söluhagnaðarins leysti úr brýnni þörf á sínum tíma og menn litu ekki á þetta sem stórkostlegt vandamál af þeim ástæðum. En nú eru aðrir tímar og það er orðið brýnt að samræma meðferð söluhagnaðar milli fyrirtækja við það grundvallarsjónarmið að skattlagning arðs eða söluhagnaðar eigi að vera hlutlaus gagnvart skipulagi atvinnulífsins og skattleggja eigi tekjur af hlutabréfaeign fyrst þegar þær eru teknar út úr því til einstaklinga. Það er allavega alls ekki í þágu neinna hagsmuna íslensks samfélags að atvinnulífið skuli þurfa að notast við hjáleidir eins og hollensk eignarhaldsfélög til þess að búa við samkeppnishæft skattumhverfi.

(*Mynd 9. Aðrar sjálfsagðar umbætur*). Jafnframt er nauðsynlegt að falla í íslenskum skattalögum alfarið frá skattlagningu hjá fyrirtækjum á arði sem mótttekinn er erlendis

frá í stað þess að treysta á ófullkomið og þunglamalegt net tvísköttunarsamninga til þess að ná því fram. Ennfremur þarf að falla frá innheimtu staðgreiðsluskatts af arði ef greitt er til fyrirtækis með heimilisfesti í EES ríki eða ríki sem gert hefur tvísköttunarsamning við Ísland.

Þá er rétt að huga að sjálfri skattprósentunni sem er 18%. Þegar 18% skatturinn var tekinn upp árið 2002 var það djarft skref og skapaði Íslandi verulega sérstöðu í hópi nágranna- og viðskiptaríkja okkar. Reyndar var á þessum tíma í umræðunni að fara niður í 15% með skatthlutfallið, en úr því varð ekki, en engu að síður var 18% skatthlutfall veruleg framför sem reynst hefur sérstaklega happadriðug ákvörðun. (*Mynd 10. Lækkun tekjuskattshlutfalls fyrirtækja*). En tímarnir hafa breyst og sérstaða Íslands er hvergi nærri söm og áður. Sífelld fleiri þjóðir hafa farið þá leið að lækka skatthlutföll sín. Þess vegna er mál til komið að Ísland stígi næsta skref og lækki skatthlutfall fyrirtækja enn frekar. Það þyrfti að fara niður fyrir 15% og hlutfall eins og 12% er engin goðgá.

Við skulum hafa eitt í huga varðandi íslenska tekjuskattskerfið. Það er einfalt, skattstofninn er breiður og það gilda almennt séð engar sérstakar undanþágur eða sérreglur. Sérhver sem er þökkalega vel að sér getur til dæmis tekið lögin um tekju- og eignarskatt og lesið þau í gegn sér til gagns, byrjað á grein eitt og lesið allar greinar í lögunum á tveim til þrem klukkutímum og vitað sæmilega hvað snýr upp og niður í lögunum. Reglugerðir eru sömuleiðis ekki neitt sérstakt vandamál. Þetta er víðast hvar ekki hægt þar sem lögin og tilheyrandi reglugerðir teljast í hillumetrum ef ekki bókasöfnum. En um hvað snúast öll þessi lagaákvæði hjá öðrum þjóðum sem ekki rúmast í tiltölulega stuttum lögum eins og okkar? Slík lagaákvæði snúast fyrst og fremst um það hvernig lækka megi skattgreiðslur miðað við þau háu skatthlutföll sem gilda með alls kyns sérreglum og undanþágum ef tiltekin skilyrði eru fyrir hendi. Því er ekki hægt að bera skattkerfi saman með skatthlutföllum einum saman. Þetta eru ein rök fyrir því að okkur sé hreint og beint nauðsynlegt að fara með skatthlutfallið niður fyrir 15% til þess að halda samkeppnishæfni okkar á þessu sviði.

Til viðbótar eru síðan nokkur önnur atriði sem verður að hafa í huga þegar tekjuskatturinn er ræddur. Það er nauðsynlegt að víkka út yfirfærslu taps milli ára þannig að tap sé yfirfærslulegt aftur í tímann eins og fram í tímann. Þannig væri hægt að endurgreiða ofgreidda skatta á fyrri árum ef tap myndast. Þetta er ekki síst æskilegt þegar ástand skapast eins og verður við snöggar hækkanir á gengi krónunnar. Þá sitja útflutnings- og samkeppnisgreinar uppi með slæm rekstrarskilyrði á sama tíma og gengishagnaður af lánum getur skilað þeim í skattalegan hagnað. Slíkur hagnaður er skammtímafyrirbæri og verður að tapi þegar gengi krónunnar lækkar. Þá þyrfti að vera mögulegt að fá tekjuskattinn af stundarhagnaðinum endurgreiddan. Þetta er miklu einfaldari og almennari leið en sú sem farin var á árinu 2005 og tæki með almennum hætti á ástandi sem getur skapast við miklar verðsveiflur á eignum og skuldum fyrirtækja. Þá þyrftu afskriftareglur einnig að vera enn sveigjanlegri en nú er, ekki síst þar sem verðbólguþrekingsskil hafa verið afnumin.

(*Mynd 11. Skattlagning útsendra starfsmanna*). Þá er æskilegt að skapa sæmilega hagstætt skattalegt umhverfi fyrir íslenska starfsmenn sem sendir eru til útlanda til sérverkefna á vegum fyrirtækja sinna og taka á sig mikinn beinan og óbeinan kostnað vegna þess og sæta jafnvel tvísköttun á tekjur sínar sem langan tíma og kostnað tekur að fá leiðrétt. Umbætur á þessu sviði styðja við útrás íslenskra fyrirtækja og verkefni á þeirra vegum, sérstaklega í þróunarlöndum.

Ábyrgð fyrirtækja á skattgreiðslum erlendra starfsmanna eru alltof víðtækar og fyrirtækjum er gert að taka á sig ábyrgð sem stórkostlega óeðlilegt er að þau beri og þau hafa tæpast tök á að bera. Ekki eiga að gilda aðrar og meira íþyngjandi reglur um þetta efni en vegna íslenskra starfsmanna. Þá er líka mikil þörf á því að lækka hámark um afdrátt frá tekjum einstaklinga vegna skulda á sköttum eða meðlögum. Þetta hámark er nú 75% og það segir sig sjálft að einstaklingar í slíkri stöðu leita mjög eftir óeðlilegum viðskiptaháttum við fyrirtæki og vandamál vegna gerviverktöku eru oft bundin við einstaklinga sem eiga í erfiðleikum af þessum toga.

Nú vil ég víkja nokkrum orðum að vörugjöldum en þau eru að mörgu leyti séríslenskur arfur liðins tíma og það er nauðsynlegt að gera átak í að ná þeim út úr skattkerfinu, sem og stimpilgjöldum. (*Mynd 12. Vörugjöld*). Vörugjöldin á mat- og drykkjarvörur eru nú að hverfa að miklu leyti, en eftir sitja þó gjöld á það sem kallað er sykur og sætindi. Þessi gjöld mismuna freklega gegn þeim matvörum sem þau leggjast á og þeim neytendum sem leyfa sér að versla þessar vörur. Þó eru þessar vörur fyllilega löglegar og ekkert að því að neyta þeirra.

Lýðheilsustofnun lagðist í mikla baráttu gegn því að vörugjöld á ýmsum matvörum yrðu lögð niður, eins og samþykkt var á haustþinginu, og leggst líka gegn því að haldið verði áfram á þessari braut og öll vörugjöld á matvöru verði felld niður. Rök stofnunarinnar finnast mér byggjast á gamaldags hugsunarhætti þar sem lögð er áhersla á neyslustýringu í gegnum verðlagningu. Það er liðin tíð að fólk láti ríkisstofnanir segja sér hvað það má borða og hvað ekki. Sykur og sætindi eru ekkert óhollari en ýmislegt annað sem við berum okkur til munns. Hóf í neyslu er það sem skiptir mestu máli og ef íslenskir neytendur vilja neyta sykurs og sætinda, hvort heldur í hófi eða í óhófi, þá eru flestir þeirra orðnir það efnaðir að þá skiptir ekki miklu máli hvort súkkulaðistykki kostar 20 krónum meira eða minna. Eftir stendur hins vegar þunglamalegt og óhagkvæmt fyrirkomulag á skattheimtu sem mismunar milli einstakra neytenda og framleiðenda.

Þá sitja ennþá eftir vörugjöld á ýmsum vörum til húsbygginga og á margvíslegum rafmagnsvörum. Þannig hefur löngum verið ofvaxið mínum skilningi að það eigi að hafa lága skatta á matvæli en skattleggja sérstaklega öll þau tæki sem þarf til þess að halda matvælum ferskum eða matreiða matinn. Vörugjöld á sumum tegundum byggingarvara hafa leitt til þess að innflutningsverslunin og húsbyggjendur reyna sem best þeir geta að sniðganga þær vörur og leysa sín mál með öðrum vörum sem ekki eru vörugjaldsskyldar. Þannig minnka smám saman tekjurnar af vörugjöldunum en eftir stendur algjörlega handahófskennd og óútskýranleg mismunur. Um skeið á síðasta áratug var gert nokkurt átak í því að lækka vörugjöld og dæmigerð skref fólust í 200 – 400 milljón króna lækkun á ári. Slík skref hafa ekki verið stigin í allmörg ár en það er kominn tími til þess að halda áfram á þessari braut og ná hinum almennu vörugjöldum markvisst út á 5 – 10 árum. Þannig lækkanir stig af stigi raska engu í fjármálum ríkisins en gera skattkerfið sanngjarnara og skilvirkara.

Ekki er hægt að skilja við umræðuna á þessum fundi án þess að nefna fyrirkomulag á endurgreiðslu virðisaukaskatts á starfsemi opinberra aðila. (*Mynd 13. Endurgreiðsla virðisaukaskatts ...*). Eins og staðan er nú fá opinberir aðilar endurgreiddan virðisaukaskatt af tiltölulega þröngum og afmörkuðum tegundum þjónustu. Þetta þarf að víkka út þannig að það verði hin almenna regla að opinberir aðilar fái virðisaukaskatt endurgreiddan af allri aðkeyptri þjónustu. Núverandi fyrirkomulag virkar mjög illa og kemur í mörgum tilvikum í veg fyrir hagkvæm þjónustuviðskipti opinberra aðila við einkaaðila. Þannig verður opinberi geirinn ónauðsynlega stór. Veruleg hagkvæmni næðist ef þetta væri lagað.

Ágætu áheyrendur.

Ég hef hér fjallað um nokkur atriði sem ég tel að þurfi endurbóta við í skattkerfi okkar. Þessar ábendingar verður allar að skoðast í réttu samhengi vegna þess að ég tel að íslenska skattkerfið hafi að mestu leyti þróast í rétta átt síðustu 15 árin. Ýmsar stórkostlegar umbætur hafa verið gerðar sem hafa reynst meðal lykilkáta í því að bæta starfsskilyrði atvinnulífsins, laða fram hagvöxt og koma Íslandi í fremstu röð. En tíminn líður, aðstæður breytast og umhverfið í viðskiptalöndum okkar breytist. Samkeppnishæft skattkerfi er aldrei endanlegt fyrirbæri, heldur nokkuð sem þarf sífellt að vera að þróa og laga í takt við þróun erlendis, þarfir atvinnulífsins og alls almennings í landinu.

Umbæturnar sem hafa skilað svo miklum árangri hafa þrátt fyrir það margar verið umdeildar og eru vinsæll skotsþónn í gagnrýni á stjórnvöld og þær breytingar sem orðið hafa í íslensku atvinnulífi og samfélagi. Fyrir 10 - 15 árum var mikið rætt um nauðsyn þess að skapa hálaunastörf á Íslandi en nú þegar þau hafa orðið til, og háar tekjur hafa skapast, virðist svo sem misskipting teknanna sé stórt vandamál þrátt fyrir að langflestir Íslendingar njóti almennt hærri tekna en nokkru sinni fyrr hvert sem lítið er í tekjumynstrinu. (*Mynd 14. Umræðan um tekjuskíptinguna*). Reyndar er það svo að eitt helsta raunverulega vandamál okkar er einmitt að hálaunastörfin og háu tekjurnar hafa ekki skapast á öllum stöðum á landinu og því sitja nokkrar byggðir eftir í þróuninni. Þannig horfi ég oft til svæða eins og Vestur Húnavatnssýslu, Dalasýslu og Vestur Skaftafellssýslu og spyr sjálfan mig. Eru þetta ekki þau svæði á landinu þar sem tekjuskíptingin er jöfnust? En eru þetta ekki líka svæði sem vantar háu tekjurnar? Sem vantar misskiptinguna? Eru þetta ekki einmitt svæði sem sitja uppi með það lítt eftirsóknarverða réttlæti að jöfnuðurinn felst í of jafn lágum tekjum? Það væri sannarlega betra fyrir þessi svæði að fá inn fólk með háar tekjur, fólk sem getur framkvæmt og skapað eitthvað í kringum sig. Það vantar sárlega meiri misskiptingu, ljótari Gini stuðul, inn á þessi svæði. Þá færu þau að taka við sér.

Ég vil ljúka máli mínu hér á því að fjalla um efnahagslegan og pólitískan stöðguleika. (*Mynd 15. Stöðugleiki og samkeppnishæfni*). Atvinnulífið hefur um margt notið stöðugleika í efnahagslegu og pólitísku starfsumhverfi á síðustu árum og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Vandamálin hafa frekar falist í því að það væri of mikið að gera, of mikil þensla, heldur en að hér hafi verið doði, samdráttur og atvinnuleysi. Því vaknar sú spurning hvort þessi efnahagslegi og pólitíski stöðugleiki muni halda áfram á næstu árum í ljósi kosninga til Alþingis nú í maí. Málið snýst ekki um það hvort núverandi ríkisstjórn eða stjórnarflokkar haldi völdum eða haldi áfram heldur hvort sú umbótastefna í skattamálum sem hér hefur að mestu verið fylgt fái að halda áfram. Íslenskt atvinnulíf þarf að fá skýr skilaboð um það frá öllum stjórnsmálaflokkum um það hvert þeir ætla að stefna í skattamálum atvinnulífsins. Á að þróa áfram samkeppnishæft skattkerfi eða á að taka til baka það sem vel hefur tekist? Á að halda fjármagnstekjuskattinum í 10% og lækka tekjuskatt fyrirtækja enn frekar eða á að hækka hvort tveggja?

Íslenskt atvinnulíf bíður eftir því að heyra hvort halda eigi áfram eða aftur á bak í skattamálum. Framhaldið mun ráða miklu um það hvort lífskjör á Íslandi haldast áfram í fremstu röð eða hvort við sígum niður úr hópi fremstu þjóða heims.